

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Nr. 4.1	Átm. 4096
Innk. 16. MAÍ 2015	
IRFI 14010170	

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2015

Í bréfi ráðuneytisins til Hæstaréttar 31. mars 2015 var vísað til þess að nefnd, sem falið var að gera tillögur um millidómstig, hafi 25. febrúar sama ár afhent ráðherra drög að frumvörpum til laga um dómstóla og um breyting á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála. Óskaði ráðuneytið eftir umsögn Hæstaréttar um megintillögur nefndarinnar í þessum frumvarpsdrögum, svo og um athugasemdir réttarfarsnefndar um þær, sem fylgdu bréfi ráðuneytisins.

Hæstiréttur hefur fjallað um framangreint erindi. Rétturinn tekur undir athugasemdir, sem réttarfarsnefnd hefur komið á framfæri við ráðuneytið samkvæmt áðursögðu, en telur að öðru leyti ekki tilefni til nánari umfjöllunar um frumvarpsdrögin á þessu stigi.

Tekið skal fram að hæstaréttardómararnir Eiríkur Tómasson og Benedikt Bogason tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa erindis sökum tengsla sinna við réttarfarsnefnd. Þá mun Ólafur Þorvaldsson hæstaréttardómari senda ráðuneytinu sérstaka umsögn fyrir sitt leyti.



Markús Sigurbjörnsson
forseti Hæstaréttar